



Upplýst samþykki foreldra/forsjáraðila fyrir talmeinaþjónustu barna hjá Skólaþjónustu Árborgar

Talmeinafræðingar á vegum Skólaþjónustu Árborgar eru með viðveru í öllum leik- og grunnskólum sveitarfélagsins. Þeir veita kennurum ráðgjöf meðal annars vegna málþroska, meta framburð og sinna framburðarþjálfun hjá þeim börnum sem falla undir viðmið sveitarfélagsins um þjálfun í leik-/grunnskólum.

Nafn barns: _____

Kt. barns: _____

Skóli/leikskóli: _____

Ég, foreldri/forsjáraðili, samþykki að talmeinafræðingur hitti barnið mitt og veiti því þjónustu ef þurfa þykir:

- ☐ Já
- ☐ Nei

Ég, foreldri/forsjáraðili, samþykki að upplýsingar um veitta talmeinaþjónustu séu sendar til foreldra/forsjáraðila og skóla með rafrænum hætti:

- ☐ Já
- ☐ Nei

Ég, foreldri/forsjáraðili, samþykki að upplýsingar um stöðu barnsins míns á biðlista hjá Talþjálfun Suðurlands séu veittar til Skólaþjónustu, sérkennslustjóra í leikskóla eða deildarstjóra stoðþjónustu í grunnskóla ef við á:

- ☐ Já
- ☐ Nei

Tölvupóstföng foreldra/forsjáraðila:



Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Sveitarfélagið Árborg, sem er ábyrgðaraðili vinnslu vegna veitingar á sérfræðiþjónustu samkvæmt 21. og 22. gr. . kafla laga nr. 90/2008 um leikskóla eða IX. kafla laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Heimild til vinnslu framangreindra persónuupplýsinga grundvallast á lagaheimild, skv. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Við úrvinnslu á samþykki þessu og veitingu sérfræðiþjónustu talmeinafræðings er unnið með eftirfarandi upplýsingar: Almennar persónuupplýsingar um barn og foreldra þess, s.s. nöfn heimilisföng, kennitölur, símanúmer og netföng. Jafnframt er unnið með upplýsingar um móðurmál, kennara barns, skóla og bekkjardeild. Þá kann að vera unnið með upplýsingar um þegar veitta þjónustu vegna barns, hjálpartæki sem barn notar, lækni barns og tilefni fyrir tilvísun, s.s. hegðunarvanda, þroskavanda, félagslegan og/eða tilfinningalegan vanda, lyf sem barn tekur og athuganir sem þegar hafa verið gerðar á stöðu barns. Upplýsinga er aflað frá forsjáraðila auk þess sem sveitarfélagið sækir grunnupplýsingar um barnið til Þjóðskrár.

Sveitarfélagið varðveitir upplýsingar í tengslum við veitingu sérfræðiþjónustu ótímabundið í samræmi við lagaskyldu. Almenn eru þær persónuupplýsingar sem sveitarfélagið safnar afhentar héraðsskjalasafni Árnesinga að þrjátíu árum liðnum. Sveitarfélagið gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi skipulagslegum og tæknilegum ráðstöfunum, þ.á.m. aðgangsstýringum og dulkóðun. Allt það starfsfólk sem kemur að vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við veitingu þjónustunnar er bundið þagnarskyldu.

Sveitarfélagið mun ekki miðla persónuupplýsingum til annarra aðila nema sveitarfélaginu sé það skylt á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða dómsúrskurðar. Þá mun sveitarfélagið ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema á grundvelli sérstakrar heimildar þar um og aldrei án þess að upplýsa viðkomandi um slíkt.

Einstaklingur kann að eiga rétt til þess að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sem sveitarfélagið vinnur með í tengslum við veitingu sérfræðiþjónustu. Þá kann einstaklingur að hafa rétt til að andmæla vinnslunni, fá upplýsingar leiðréttar, krefjast þess að þeim verði eytt, að vinnslan verði takmörkuð og/eða að fá upplýsingar afhentar. Nánari upplýsingar um þessi réttindi má finna í persónuverndarstefnu sveitarfélagsins sem er aðgengileg á vefsíðu Sveitarfélagsins Árborgar.

Sérstök athygli er vakin á því að ef óánægju gætir varðandi meðferð sveitarfélagsins á persónuupplýsingum er unnt að hafa samband við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins (personuvernd@arborg.is) eða senda erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

- ☐ Ég, foreldri/forsjáraðili, hef kynnt mér ofangreint og er kunnugt um með hvaða hætti Sveitarfélagið Árborg meðhöndlar persónuupplýsingar.

Staður og dagsetning

Foreldri/forsjáraðili samþykkir beiðni með undirskrift



Upplýsingar til foreldra

Samþykki fyrir talmeinaþjónustu þarf eingöngu að undirrita einu sinni og fylgir það barninu á milli skólastiga. Ef talmeinafræðingur kemur að barni í leikskóla er máli þess fylgt áfram upp í grunnskóla ef þörf er á. Hægt er að draga samþykkið til baka með skriflegum hætti á hvaða tímapunkti sem er.

Talmeinafræðingar Skólaþjónustunnar koma í nokkrar framburðarlotur inn í hvern leik- og grunnskóla á hverju skólaári. Í framburðarlotum er framburður barna metinn með framburðarprófi. Í kjölfarið er lögð áhersla á framburðarþjálfun þeirra barna sem falla undir viðmið sveitafélagsins um niðurgreiðslu á þjónustu (væg framburðarfrávík). Þau börn sem falla ekki þar undir (mikil framburðarfrávík) falla undir niðurgreiðslu Sjúkratrygginga Íslands og þurfa að sækja sína þjónustu á stofu til sjálfstætt starfandi talmeinafræðinga. Talmeinafræðingar veita einnig ráðgjöf til foreldra og starfsfólks leik- og grunnskóla vegna framburðar og málþroska.

Ef barn fær framburðarþjálfun í leik- eða grunnskóla fá foreldrar og skóli upplýsingar í tölvupósti eftir hverja lotu þar sem farið er yfir hvernig gekk í þjálfun, heimaverkefni eru gjarnan send í viðhengi og aðrar ráðleggingar veittar. Ef foreldrar vilja í kjölfarið ræða málin nánar er sjálfsagt að senda tölvupóst til baka eða óska eftir símtali.

Þegar barn fær framburðarþjálfun í leik- eða grunnskóla er mjög mikilvægt að samstarf milli talmeinafræðinga og foreldra sé gott og að heimaæfingum sé sinnt vel en þær eru forsenda þess að þjálfunin skili árangri.

Með von um gott samstarf,

Talmeinafræðingar Skólaþjónustu Árborgar